

Fimmtudaginn 6. febrúar 1997.

Nr. 55/1997.

Rannsóknarlögregla ríkisins

(Jón H. Snorrason vararannsóknarlögreglustj.)
gegn

Hannesi Inga Guðmundssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. febrúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. janúar 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 12. febrúar 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. janúar 1997.

Ár 1997, fimmtudaginn 30. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Hannesi Inga Guðmundssyni, kt. 300963-3829, tollverði, Öldugranda 3, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. febrúar 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn ákvæðum tollalaga nr. 55/1987, einkum 123., sbr. 124. gr., og ákvæði XIV. kafla, einkum 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur undanfarnar vikur unnið að rannsókn ólögsmæts innflutnings tveggja vörugáma, sem skipað var upp í Sundahöfn í Reykjavík á síðastliðnu ári. Að sögn lögreglunnar kom hinn fyrri frá Rottterdam í Hollandi um mánaðamót maí og júní og hafði að geyma 13.200 flöskur af sterku áfengi, en hinn síðari frá Bandaríkjunum í desember og voru í honum 10.620 flöskur af vodka. Kærði afhenti Þóri Erni Ólafssyni fyrri gáminn samkvæmt sérstöku neyðarleyfi á grundvelli falsaðs vörureiknings, þar sem innihaldinu var lýst sem matarolíu. Síðari gámurinn var endursendur, eftir að mestur hluti áfengisins hafði verið tekinn úr honum. Hann er nú kominn aftur til landsins, og skoðaði lögreglan hann 28. janúar sl. Við skoðun reyndust vera í honum tveir rafalar, um það bil 5 tonn hvor, og 10 kassar af vodka. Ytri vængjahurð gámsins var óinnsiglið, en hin innri innsiglið með innsiglistöng tollgæslu. Lögreglan segir ljóst, að ekki var unnt að koma rafölunum inn í gáminn án þess að opna báðar hurðirnar, sem sýni það, að innri hurðin hafi verið innsiglið, eftir að búið var að tæma áfengið úr gáminum og setja í hann rafalana.

Kærði hefur settið í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar þessa máls frá 16. janúar sl., en það var framlengt með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 23. janúar sl., en þá var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til dagsins í dag kl. 16.00.

Kærði hefur neitað sakargiftum og borið því við, að meðgrunaði, Þórir Örn Ólafsson, hafi notfært sér hann. Kærði kveðst hafa treyst Þóri, og gerðir sínar hafi verið í samræmi við starfsvenjur tollgæslunnar.

Með hliðsjón af gögnum málsins þykir grunur lögreglunnar um hlutdeild kærða í framangreindum brotum rökstuddur, en það brýtur gegn tollalögum nr. 55/1987 og XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 139. gr. þeirra laga, og gæti því varðað kærða fangelsi, ef sannað verður.

Rannsókn máls þessa, sem er umfangsmikið, hefur miðað áfram, og sér ekki enn fyrir enda hennar, en meðal annars er töluvert misræmi í framburði Þóris Arnar og kærða. Rannsóknin beinist að því að upplýsa, hverjir stóðu að innflutningi áfengisins, og enn fremur, hvernig sölu þess hafi verið háttáð, en fleiri eru grunaðir um ólögsmæta aðild að málinu en kærði og Þórir. Þarf lögreglan að yfirheyra fjölda manns í því skyni að upplýsa tollafgreiðslu gámanna, fermingu síðari gámsins, áður en hann var endursendur til Bandaríkjanna, og aðdraganda kaupa áfengisins í Bandaríkjunum. Ástæða er til að ætla, að kærði gæti torvelað rannsókn málsins, ef hann færi frjáls ferða sinna, svo sem með því að hafa áhrif á samseka eða vitni.

Þykir því með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verða að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Hannes Ingi Guðmundsson, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. febrúar 1997 kl. 16.00.
